

Lulu Munk Andersen,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ráðhús Borgarbyggðar
Borgarbraut 14
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. desember 2014
Tilvísun: UST20141100159/ksj

Lýsing: Tillaga að deiliskipulagi ísganga í Langjökli.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 26. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi ísganga í Langjökli. Svæðið sem tillaga er um að deiliskipuleggja eru áætluð göng og og hellar í jökulís á toppi Langjökuls og nær yfir 4 ha.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í tillögu að deiliskipulagi ísganga í Langjökli verði sýnd aðkoma að jöklinum. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fram komi áætlanir um fjölda gesta og bílastæða sem tengjast gestunum. Einnig þarf staðsetning bílastæða að koma fram á væntanlegri tillögu að deiliskipulagi. Sjá einnig umsögn Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu aðalskipulags Borgarbyggðar á sama svæði.

Virðingarfyllst
Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. Björna Guðlett
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri